

Hringborðsumræður Geðhjálpar og Verndar leiða til þingsályktunartillögu:

Menntun fangavarða verði aukin

— m. a. til að gera þeim auðveldara að annast geðsjúka fanga

Félagið Geðhjálpar og félagssamtökin Vernd efndu nýlega til hringborðsumræðna um málefni geðsjúkra afbrotamanna. Þar kom meðal annars fram að fangaverðir hafa áhyggjur af því hve litla fræðslu þeir fá um meðferð slíkra manna, en eins og margoft hefur komið fram í blöðum eru engar sérstofnanir til fyrir geðsjúka

afbrotamenn, en það er neyðarúrræði að láta þá dvelja með öðrum föngum.

Til umræðnanna var boðið 38 valinkunnum mönnum, þar á meðal nokkrum þingmönnum. Árangurinn varð sá, að fimm þingmenn, Helgi Seljan, Salóme Þorkelsdóttir, Jón Helgason, Jóhanna Sigurðardóttir og

Friðrik Sóphusson hafa nú lagt fram þingsályktunartillögu um aukna menntun fangavarða, en menntun þeirra hefur hingað til verið lítil, enda þótt starfið sé mjög ábyrgðarmikið og krefjandi. Hefur félagið Geðhjálpar lýst yfir ánægju sinni með tillöguna og telur hana framfaraspor.

-IHH.

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=228658&pageId=3101298&lang=is&q=Ge%F0hj%E1lp